

1873.

25. septbr.

80. Auglýsing, er birtir á Íslandi peningalög, 23. maí 1873. (á Íslenzku og Dönsku.).

Hans hátign konungurinn hefir 23. maí 1873 staðfest svolátandi

Peningalög:

Vér Christian hinn Níundi o.s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I.

1. grein.

Eptirleiðis skal gull vera undirstaðan undir peningareikningi Danmerkur, en jafnframt skal hafa silfur og lakari málms til smápeninga.

2. grein.

Tveir aðalpeningar skulu slegnir, og skulu af öðrum þeirra 248 ganga á eitt kilogram eða tvö pund af skíru gulli, en af hinum 124 á eitt kilogram eða tvö pund af skíru gulli.

Tiundi partur af hinum fyr nefnda peningi eða tuttugasti partur af hinum síðar nefnda skal vera reikningsseining og nefnast króna. Krónan skiptist í 100 aura.

3. grein.

Gullpeningarnir verða slegnir úr peningagulli, sem er samsteypa af 90 þörtum af skíru gulli og 10 þörtum af eiri.

Fyrir því skal sá gullpeningur, sem gildir 10 krónur, vega 4,4803 gram, og sá, sem gildir 20 krónur, 8,9606 gram.

Þvermál tíukrónapeningins skal vera 18 millimeter (eitt millimeter er sem næst jafnt 0,00319 af dönsku feti), og þvermál tuttugukrónapeningins 23 millimeter.

4. grein.

Smápeningarnir verða slegnir sumpart úr silfri, sem er

1873.

25. septbr.

blandað eiri eptir því þungahlutfalli, sem leiðir af því, sem ákveðið er fyrir neðan (í 5. grein) um vikt og efnisgæði hvers penings útaf fyrir sig, sumpart úr kopar¹, sem er steypur úr 95 pörtum af eiri, 4 pörtum af tini og 1 parti af síski.

5. grein.

Af silfurpeningum má slá þá, sem hér eru taldir, en þeir skulu að stærð, vikt og gæðum vera eins og hér segir:

					Þvermál.	Vikt alls.	Það, sem er í pen- ingnum af skiru silfri.
					milli- meter	gram	gram
a.	peningur,	sem er jafngildi	2 króna		31	15	12
b.	—	—	1 krónu		25	7,5	6
c.	—	—	50 aura		22	5	3
d.	—	—	40 aura		20	4	2,4
e.	—	—	25 aura		17	2,42	1,452
f.	—	—	10 aura		15	1,45	0,58

6. grein.

Af koparpeningum² má slá þá, sem hér eru taldir, en þeir skulu að stærð og vikt vera eins og hér segir:

					Þvermál	Úr einu kilo- grammi af kopar verða slegnir.
					millimeter	peningar
a.	peningur,	sem er jafngildi	5 aura		27	125
b.	—	—	2 aura		21	250
c.	—	—	1 eyris		16	500

7. grein.

Þarsem því eigi verður komið við, að vikt og efnisgæði

¹) bronze.

²) bronzepeningum.

1873.

25. septbr.

hvers penings útaf fyrir sig sè fullkomlega nákvæm, má ekki skakka um rétta vikt og efnisgæði meira en hær segir:

	að því leyti, er snertir vikt,		að því leyti, er snertir efnisgæði,
	þegar einn peningur er prófaður;	þegar peningar eru prófaðir í kilogramtali;	af vikt hvers einstaks penings;
fyrir tuttugukrónapening	0,0015	"	} 0,0015 af skíru gulli
— tíukrónapening	0,002	"	
— tveggjakrónapening	0,003	"	
— krónu	0,005	"	} 0,003 af skíru silfri
— fimmtíuaurapening	"	} 0,006	
— fjörutíuaurapening	"		
— tuttuguogfimmurapening	"	0,010	
— tíuaurapening	"	0,015	

Þegar slegnir eru peningar úr gulli, verður samt þess að gæta, að viktarskakinn fyrir hver 10 kilogrömm eða 20 pund af peningagulli sè eigi meiri en 5 grömm.

8. grein.

Á öllum peningunum skal vera framstandandi rönd. Gullpeningarnir og silfurpeningarnir, að undanteknum tuttuguogfimm-aura- og tíuaurapeningnum, skulu vera með rákum á röndinni, en á tuttuguogfimmaura- og tíuaurapeningnum og koparpeningunum¹⁾ skal röndin vera slétt. Áskriptin skal greinilega segja til um, hve margar krónur eða hve marga aura peningurinn hafi inni að halda eða gildi. Þar að auki skal hver peningur bera það með sér, að hann sè mótaður fyrir Danmörk, í hverri peningasmíðu, og á hverju ári hann sè gjörður.

Að öðru leyti ákveður konungur mót og áskript peninganna.

9. grein.

Peningar þeir, sem slegnir eru eftir því, sem sagt er fyrir að framan, skulu með þeim takmörkunum, sem settar eru í 10.

¹⁾ bronzepeningum.

1873.

25. septbr.

gr., vera gjaldgengir eftir því verði, sem á þeim stendur, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og manna ámilli, ef eigi hafa þeir orðið fyrir skemmdum af vondri eða ólöglegri meðferð.

10. grein.

Af smápeningum skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 20 krónum í einnarkrónu- og tveggjakrónapeningum, 5 krónum í smærri silfurpeningum og 1 krónu í koparpeningum¹.

Sæmt skal, þegar greiddir eru skattar og gjöld til ríkis eða til sveitar, taka hvað mikið sem vera skal í einnar- og tveggjakrónapeningum.

Þegar gullpeningar af sliti hafa mist meira en $\frac{1}{2}$ af hundraði af vikt þeirri, sem þeir áttu að hafa samkvæmt 3. gr., eru þeir eigi framar gjaldgengir manna ámilli, en halda gildi sínu fyrir það verð, sem á þeim stendur, í gjöldum til ríkissjóðsins, sænskir eða norskir (sbr. 24. gr.) gullpeningar þó því að eins, að þeir eigi af sliti hafi mist meira en 2 af hundraði af vikt sinni.

Ríkissjóðurinn tekur þá eigi smápeninga sem gilda borgun, þegar þeir eru svo máðir, að eigi verður sæð með vissu, hvert ríki hafi látið móta þá, en í viðskiptum milli allra annara ganga þeir úr gildi jafnskjótt og mótið er orðið ógreinilegt af sliti.

Peninga, sem eigi framar eru gildir í gjöldum til hvers sem vera skal, má aðalféhirzla ríkisins eigi aptur setja í gang. Heldur ekki má hún aptur gefa út silfurpeninga, sem vantar á 4 af hundraði eða meira í rétta vikt. Amtsgjaldstofurnar, þjóðbáankinn og aukadeildir hans skulu skyldar til að halda aptur og senda til aðalféhirzlunnar hina máðu peninga, sem hær er verið að ræða um, bæði aðalpeninga og smápeninga, og skal það falið ríkisstjórninni á hendur að koma því til leiðar með samningum, að hið sama enn fremur verði gjört öðrum einstakra manna bönkum eða stofnunum að skyldu, þegar það kann að þykja hagfelld.

Ríkisstjórnin gjörir ráðstafanir til, að lóð, sem segja til um rétta vikt, og önnur, sem segja til um viktarskakkann á gull-

¹) bronzepeningum.

1873.

25. septbr.

peningunum, verði með tilsjón hins opinbera, löggilt, stimpluð og fáist til kaups fyrir ákveðið verð.

Fjárhagsráðgjafinn hefir vald til að veita endurgjald fyrir peninga, sem hafa orðið fyrir skemmdum af vondri eða ólöglegri meðferð, og fyrir falspeninga, þegar ástæða er til að halda, að sá, sem peningana hefir í höndum, hafi verið grandlaus og ekki sýnt neina óvarkárni, þá er hann tók við hinum skemmdu eða fölsuðu peningum.

11. grein.

Sérhverjum skal gefinn kostur á, ef því verður við komið, í öllum kaupstöðum, bæði að fá skipti á hverri upphæð sem vera skal af þeim peningum, sem samkvæmt 10. gr. að eins eru gildir í gjöldum til ríkissjóðsins, fyrir jafnmikið af gjaldgengum peningum sömu tegundar, og að fá aðalpeninga fyrir hvað mikið sem vera skal af smápeningum, ef þeirri upphæð verður skipt með 10 krónum.

12. grein.

Ríkisstjórnin annast beinlínis um alla peningagjörð, og má eigi hafa einstaka menn til þess, eða fela einstökum mönnum það á hendur með því að selja það á leigu eða á annan hátt.

Sérhverjum skal gefinn kostur á að fá aðalpeninga mótaða fyrir gull, sem hann leggur til, gegn því að gjalda $\frac{1}{4}$ af hundraði af verði þeirra peninga, sem mótaðir verða, fyrir að fá slegna tuttugukrónapeninga, og $\frac{1}{3}$ af hundraði fyrir að fá slegna tíukrónapeninga. Að öðru leyti skal eigi greitt neitt sláttugjald.

Ríkisstjórnin ákveður nákvæmar, hve mikið það gull megi vera, sem lagt er til, gæði þess og aðra eiginlegleika.

Smápeningar verða að eins slegnir fyrir hönd ríkissjóðsins.

13. grein.

Reikningseining sú, sem hér er lögákvæðin, skal við höfð í öllum reikningum og afgreiðslum ríkisins, þjóðbánkans og sveitafélaganna, þar sem miðað er við innlenda peninga. Hið sama

1873.

25. septbr.

er skylda sérhverrar stofnunar eða félags, sem hefir veitingarbréf stjórnarinnar, eða samkvæmt lögum eða leyfisbréfi er aðnjótandi ívilnunar á stimpilgjaldi. Brot gegn þessu boði verða 10—200 króna sektum til ríkissjóðsins. Málsókn verður að eins höfðuð eptir beiðni hlutaðeiganda stjórnarvalds, og skal þá með málið farið sem opinbert lögreglumál.

14. grein.

Á meðan samningur sá, sem gjörður kann að verða við konunginn í Svíaríki og Norvegi, samkvæmt 24. gr. þessara laga, er í gildi, skal um peninga þá, sem slegnir eru í Svíaríki eða Norvegi samkvæmt samningnum, farið eptir því, sem ákveðið er í 9—11 gr. í þessum lögum, og eptir því, sem fyrir mælt er í 11. gr., ennfremur í 2 ár eptir að samningurinn er úr gildi genginn. Á meðan fyrnefndur samningur er í gildi, skulu þar að auki hegningar þær, sem ákveðnar eru í 264. og 266 gr. í hinum almennu borgaralegu hegningarlögum, 10. febrúar 1866¹ fyrir afbrot þau, sem fyrir er mælt um í tæðum greinum með tilliti til eptirmyndunar og falss danskra peninga, einnig liggja við, þegar slík afbrot eru drýgd með tilliti til hinna sænsku eða norsku (sbr. 24. gr.) peninga, sem heimilaðir eru með tæðum samningi.

II.

15. grein.

Ríkisstjórninni er veitt vald til að byrja þegar í stað á að slá peninga eptir því, sem sagt er að framan, og taka til af peningategundum þeim, sem taldar eru upp í 2., 5. og 6. gr. þær, sem hagfelldast kann að þykja að hafa á reiðum höndum.

16. grein.

Konungur ákveður, frá hvaða tíma gullpeningar þeir, sem

¹) Sbr. hinar samsvarandi 266. og 268. gr. í Almennum hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869.

1873.
25. septbr. slegnir eru samkvæmt því, sem sagt er að framan, verði hafðir sem gjaldgengir peningar. Verði þetta fyr en hin nýja reiknings-eining er í gildi leidd (17. gr.), skal tíukrónapeningurinn á því millibili, sem verður með þessu móti, í öllum gjöldum tekinn sem 5 ríkisdalir ríkismyntar, og tuttugukrónapeningurinn sem 10 ríkisdalir ríkismyntar.

17. grein.

Sömuleiðis ákveður konungur, frá hvaða tíma hin nýja reikningseining ásamt skipting hennar skuli leidd í gildi; samt getur þetta eigi orðið fyr en gullpeningar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 16. gr., eru orðnir gjaldgengir, og eigi seinna en 1. janúar 1875.

Frá þeim tíma, sem konungur þannig ákveður, verður hin nýja reikningseining við höfð samkvæmt 13. gr.

Frá sama tíma má eigi slá ríkismynt framar.

18. grein.

Allar skuldbindingar til gjalda í innlendum peningum, sem gengist er undir eptir þann tíma, sem getið er um í 17. gr., skal miða við hina nýju peninga, og frá sama tíma skal öllum gjöldum (opinberum eða einstakra manna), sem ákveðin eru í nú gildandi ríkismynt, breytt á þann hátt, að þau greiðist í hinum nýju peningum þannig:

að fyrir	hvern	ríkisdal	borgist . .	2	krónur
-	—	hverja 48	skildinga — . .	1	króna
-	—	— 24	— — . .	50	aurar
-	—	— 12	— — . .	25	— ,

og fyrir minni upphæðir en 12 sk. tvöfalt af aurum við það, sem borga átti í skildingum.

Sè borgun þannig ákveðin, að gjald það, sem greiða á í einu lagi af því kröfunni er svo varið, fæst með því að margfalda upphæð í nú gildandi ríkismynt eða með því að leggja saman fleiri slíkar upphæðir, skal aðalupphæð gjaldsins reiknuð út eptir hinum fyrri peningareikningi, áður en því verður breytt í hina nýju peninga samkvæmt reglunni að framan.

19. grein.

1873.

25. septbr.

Ríkisstjórnin og sveitastjórnirnar skulu að öðru leyti sjá svo um, að allir taxtar og aðrar þesskonar gjaldákvæðanir, sem þær hafa sett í nú gildandi ríkismynt, sé lagaðar eptir hinum nýju peningum til þess tíma, er hin nýja reikningseining hefir öðlæzt gildi.

20. grein.

Frá þeim tíma, sem getið er um í 17. grein, og þangað til hin nú gildandi ríkismynt er úr gildi gengin (22. gr), skulu bæði hinir fyrri aðalpeningar og smápeningar, sem slegnir eru eptir ríkismyntarundirstöðunni, og innlendir peningar, sem mótaðir eru samkvæmt þessum lögum, og sænskir og norskir peningar, sem gjörðir eru samkvæmt peningasamningnum, 18. desbr. 1872, ganga samsíða sem gjaldgengir peningar eptir peningalögunum, þannig að

1 tvídalur eða spesía ríkismyntar	gildi .	4 krónur
1 ríkisdalur	— .	2 —
1/2 —	— .	1 krónu
1 sextánskildingur eða mark ríkismyntar	— .	33 aura
3 mörk í sextánskildingum eða smærri ríkismynt	— .	100 —
24 skildingar ríkismyntar	— .	50 —
12 — —	— .	25 —
1 ferskildingur	— .	8 —
1 skildingur	— .	2 —
1 hálfskildingur	— .	1 eyri.

Samt verður að gæta þess, sem fyrir mælt er í auglýsingu, 18. desbr. 1841, um, við hve miklu menn eru skyldir til að taka í einu af þeim smápeningum, sem nú eru í gildi, og þess, sem sagt er í 10. gr. í þessum lögum um það, hve mikið mönnum er skylt að taka í einu af hinum nýju smápeningum.

21. grein.

A hinu sama tímabili skulu seðlar þeir, sem þjóðbánninn

1873.
25. septbr. hefir gefið út áður en hin nýja reikningseining er leidd í gildi, og sem miðaðir eru við ríkismynt, þangað til þeir eru kallaðir inn á löglegan hátt, ganga samsíða sedlum, sem miðaðir eru við krónur, þannig að hver ríkisdalur ríkismyntar sé talinn jafngildi tveggja króna.

22. grein.

Jafnskjótt og peningagjörð eptir þessum lögum er komin svo langt á leið, að ríkisstjórninni finnst það tiltækilegt, ákveður konungur með minnst 6 mánaða fyrirvara þann tíma eða þau tímabil, er hin nú gildandi ríkismynt eigi framar skuli vera gjaldgeng. Þetta skal samt að því leyti, er snertir aðalpeninga þá, sem nú gilda (spesíur, dali og hálfa dali), vera gjört innan árs loka 1878, og að því leyti, er smápeninga snertir, innan árs loka 1881.

23. grein.

Frá því að ríkismyntarpeningar eru úr gildi gengnir samkvæmt 22. gr., skal ríkissjóðurinn taka við þeim og innleysa þá um svo langan tíma, sem stjórnin nákvæmar ákveður, fyrir peninga eptir þessum lögum, samkvæmt því hlutfalli, sem sett er í 20. gr. hér að framan.

24. grein.

Konungi veitist vald til að gjöra samning við konunginn í Svíaríki og Norvegi um það, að peningasamningur sá, sem gjörður var 18. desbr. f. á. í Stokkhólmi, verði fyrst um sinn að eins látinn ná til Danmerkur og Svíaríkis, en konunginum í Svíaríki og Norvegi skal þó heimilt að ganga einnig að samningnum fyrir hönd Norvegs með þeim breytingum, sem kunna að virðast hagfelldar, á millibilsfrestum þeim, sem ákveðnir eru í samningnum.

25. grein.

Það, sem fyrir mælt er í greininni á undan um vald það,

sem veitt er konungi, öðlast þegar í stað gildi; að öðru leyti 1873.
öðlast lög þessi gildi á þann hátt, sem þau nákvæmar ákveða, 25. septbr.
um leið og auglýsing gengur út um það að samningur, sem
gjörður er við Svíaríki samkvæmt 24. gr., sè staðfestur. Þegar
Norvegur kann að ganga að samningnum, verður það birt með
tilskipun.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið á Amaliuhöll, 23. dag maím. 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Fr. Krieger.

Þetta skal hërmeð kunnngjört öllum þeim, sem hlut eiga að
máli, að því við bættu, að stjórnarráðið heflr 26. júní þ. á.
gefið út auglýsingu um, að samningur, sem gjörður var 27. maí
þ. á. við Svíaríki samkvæmt 24. gr. í peningalögunum, er stað-
festur 21. júní s. á.

Í fjárhagsstjórninni, 25. dag septbrm. 1873.

Fr. Krieger.

Lange.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 26. septbr.
yfir Íslandi, um breytingar á auglýsing 3. maí
1872, um póstmál á Íslandi.

Um leið og þér, herra landshöfðingi, með bræfi hafið
sent hingað skýrslur þær, sem með þurfa, um kostnað þann
við póststjórn á Íslandi, sem búast má við á árinu 1874,
hafið þér eptir undirlagi póstmeistarans í Reykjavík af tilgreind-
um ástæðum stungið uppá nokkrum breytingum á því, sem fyrir
er mælt í auglýsing um póstmál á Íslandi 3. maí f. á, 2. 7. og
8. gr., um stofnun póstaðgreiðslustaða og bréfhirðingarstaða þar